

Nd.

89. Nefndarátt

um tillögu til þingsályktunar um skaðabætur til farþeganna á Flóru 1916.

Frá fjárveitinganefndinni.

Eimskipið Flóra fór frá Reykjavík þ. 8. júlí 1916 og ætlaði beina leið til Siglufjarðar og Akureyrar. Ef engin forföll hefðu komið fyrir, mundi skipið hafa komið til Siglufjarðar um 11. s. m. En í stað þess varð sá atburður, að skipið var hernumið og flutt til Englands. Varð sú afleiðingin, að skipið komst ekki til Siglufjarðar og Akureyrar fyr en 3. og 4. ág., eða rúmum 3 vikum síðar.

Farþegar á skipinu voru á annað hundrað, og allur fjöldinn af fólki þessu var fátækt verkafólk, sem var á leið til þess að leita sjer að atvinnu, sildarvinnu.

Það liggur því í augum uppi, að fólk þetta hefir beðið stórtjón af því að missa þannig þriggja vikna atvinnu. Ekki sist þar sem þessi tími var einmitt besti sildveiðatíminn.

Fjárveitinganefndin áleit því skylt, og sóma landsins liggja við, að bæta þessu fólki *sem fyrst* upp tjón þetta. Og það því fremur, sem búast má við, að flest þetta fólk hafi átt og eigi afarerfitt með að komast áfram veturinn yfir nú í dýrtíðinni, þar sem það hefir mist margt sjálfsagt helming af sum-arkaupi sínu, og sumt ef til vill miklu meira.

Nefndin vill taka það fram, að þótt landssjóður nú í bráðina greiði þessar skaðabætur, þá telur hún sjálfsagt, að fje þetta fáist greitt aftur frá þeim, sem valdir voru að skaðanum.

Að minsta kosti vill nefndin *leggja áherslu á*, að stjórnin leggi alt kapp á að fá þetta fje greitt aftur frá rjettum málsaðila.

Hve háa uppbæð muni þurfa til greiðslu þessarar, er ekki hægt að segja með vissu, en miklar líkur eru til, að hún fari ekki fram úr 20 þúsundum króna. Eftir þeim gögnum, sem fyrir nefndinni lágu, eru komnar skaðabótakröfur frá 85 farþegum, ásamt reikningum yfir ýmsan annan kostnað en vinnutapið. Og nema þær kröfur samtals kr. 16076,13. En farþegar, sem ætluðu norður, auk hinna, sem til útlanda ætluðu, voru samtals 104, og eru því ekki enn komnar umsóknir frá öllum. En nefndin verður að telja sjálfsagt, að allir jafnt fái bættan skaða þann, er þeir biðu af hernáminu.

Að endingu vill nefndin geta þess, að skaðabótakröfur þær, sem fyrir nefndinni lágu, virðast mjög sanngjarnar, og álitur hún því óhætt að leggja þær til grundvallar fyrir þeim kröfum, sem síðar kunna að koma.

Alþingi, 6. jan. 1917.

Bjarni Jónsson,
frá Vogu.

Gisli Sveinsson.
fundaskrifari.

Magnús Pjetursson,
ritari í málinu og framsögum.

Matthías Ólafsson.

Jón Jónsson.